

Hvetjandi læsisumhverfi fyrir ung börn

Jarprúður Ólafsdóttir kennsluráðgjafi Skólaskrifstofu Austurlands:

Börn læra það sem fyrir þeim er haft segir gamall málsháttur sem vissulega er rétt, en til frekari skýringar má bæta við að börn læra af því sem þau sjá, heyra og gera. Líklegt er að börn sem lesið er fyrir á unga aldri hafi meiri orðaforða og jákvæðari viðhorf til lestrar en þau börn sem fara á mis við slíkt í uppeldi sínu. Reyndar sýna rannsóknir fræðimanna svo sem Catherine E. Snow prófessors við Harvard háskóla, að orðaforði barna er nátengdur þeirri umræðu sem fram fer á heimilinu. Hún hefur m.a. rannsakað samtöl fjölskyldna við matarborðið og áhrif bóklesturs fyrir börn á orðaforða þeirra. Komið hefur í ljós að mæður og feður leggja börnunum til ólíkan orðaforða. Orðaforðinn sem mæður leggja til eru algengari orð og tengjast frekar tilfinningum, mat og umönnun. Orðin sem feður leggja til eru sjaldgæfari orð og þeir bæta fremur við orðum í orðaforða barnanna er tengjast ýmsum tæknilegum hlutum svo sem farartækjum. Það er áhugavert að Snow telur samtöl í matartímum árangursríkari leið til að efla orðaforða barna en bóklestur fyrir börn enda þótt sú leið sé einnig mjög nauðsynleg. Að mati Snow er mikilvægt að auk þess að lesa fyrir börn bækur og ræða við þau um efni þeirra er nauðsynlegt að samræður við börn snúist um sem fjölbreyttust efni svo sem vísindi og eldamennsku eða framkvæmdir. Með því móti eflist orðaforði barnanna sem best. Orðaforði barna og almenn þekking er líklegast besta spábreytan fyrir árangur í lestri síðar á skólagöngunni. (Snow, Catherine E. [án árs]).

Máluppeldi fer þó ekki einungis fram á heimilum því flest ung börn verja stórum hluta vökutíma síns í leikskólum og þar fer því uppeldi þeirra að stórum hluta fram. Starfsfólk leikskóla verður því að huga að fjölbreyttum viðfangsefnum og umræðuefnum í starfinu til að byggja upp orðaforða barnanna. Hlutverk foreldra og starfsfólks leikskóla sem fyrirmýnda í málumhverfi barna verður aldrei ofmetið og því mikilvægt að viðkomandi vandi til verka .

Hvað gerir starfsfólk leikskóla í starfi sínu til að styrkja málþroska og undirbúa börnin sem best fyrir lestrarnám?

Í leikskólum les starfsfólk sögur og ljóð fyrir börnin og ræðir við þau um efnið. Það eru sungnar vísur og víðast hvar fer fram markviss málörvun . Þá er farið í vettvangsferðir út í samfélagið þar sem kynnast má ýmsum nýjum orðum og hugtökum yfir það sem fyrir augu ber. Umræða skapast um ný orð og merkingu þeirra. Þetta er allt mikilvægur undirbúningur fyrir lestrarnámið síðar í grunnskóla.

Judith Rivalland (2000) komst að því með rannsókn sinni að til að börn stæðu vel að vígi við upphaf lestrarnáms í grunnskóla þyrftu þau að hafa góða færni í eftirfarandi atriðum:

- Geta einbeitt sér að efni
- Geta tekist á við ýmis verkefni tengd lestri
- Þekkja bókstafina

- Geta greint hljóð í orðum (hljóðkerfisvitund)
- Geta skilið bókmál (upplesinn texta)
- Geta skoðað og hlustað á merkingarbæran texta
- Hafa stjórn á sjálfum sér og geta t.d. fundið sér stað til að vinna verkefni sitt, og fylgst með í sameiginlegu verkefni
- Þekkja og geta notað tungumál (orð og hugtök) sem tengist skóla og geta tekið beinni kennslu.

Það er mikilvægt að starfsfólk leikskóla hafi ofangreind atriði í huga þegar það skipuleggur starfið í leikskólanum. Ríkulegt læsisumhverfi felur margt í sér og m.a. að starfsfólk sé vel meðvitað um það sem það gerir til að efla málþroska barnanna.

Er verið að vinna með tal og tjáningu?

Er verið að vinna með eflingu hljóðkerfisvitundar?

Er verið að vinna með orð? Skilning á orðum og að bera kennsl á orð.

Er verið að vinna með hlustun?

Er verið að vinna með lestur og ritun?

Er verið að vinna með einbeitingu?

Er verið að vinna með merkingarbæran texta?

Hvernig er læsisvinnan gerð sýnileg í leikskólanum?

Hvernig tengist læsi leikjum barnanna?

Er skipulega unnið með þessa læsisþætti?

Í vinnu í leikskólum eins og grunnskólum er mikilvægt að setja fram læsisáætlun. Þar koma fram markmið sem stefnt er að með starfinu og hvernig vinna á að þeim í daglegu starfi í leikskólanum. Gagnlegt gæti verið að útbúa gátlista þar sem merkt er við daglega hvort unnið hefur verið með tiltekinn þátt læsis.

Dæmi um sýnileika læsisvinnu

- Starfsmaður skrifar lista yfir eitthvað sem þarf að muna, óskalista barnanna o.s.frv.
- Það má merkja við atriði á listanum sem hangir uppi
- Bókstafir eru sýnilegir og aðgengilegir fyrir börnin í ýmsum formum (kubbar, svampstafir, plaststafir, stafir úr pappír, plastaðir með frönskum rennilás)
- Skriffæri og blöð eru til staðar

- Orð eru prentuð og sett við ákveðna hluti, unnið með hugtökin orð og setning
- Nöfn barnanna eru sýnileg í fatahengjum og víðar
- Bækur og blöð eru aðgengileg
- Sögur barna ritaðar fyrir þau
- Rímleikir
- Stafir og orð leiruð
- Unnið með samstöfur – klappa hljóðfall í orðum
- Finna forhljóð í orðum, finna fyrsta hljóð í orði
- Finna öll hljóð í stuttum orðum
- Minnisleikir – leggja myndir af stöfum eða spil á hvolf og finna samstæður
- Í það með gagnvirkum læsisleikjum

Góðar handbækur fyrir leikskólakennara:

Markviss málörvun – þjálfun hljóðkerfisvitundar eftir Helgu Friðfinnsdóttur, Sigrúnu Löve og Þorbjörgu Þóroddsdóttur

Tölum saman eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur og Bjartey Sigurðardóttur

Lærum og leikum með hljóðin eftir Bryndísi Guðmundsdóttur

Ég get lesið – handbók eftir Kristínu Arnardóttur

Tölur og stærðir í leik og starfi eftir Kristínu Arnardóttur

Leikskólalæsi – verkefnabók – Leikskólinn Kiðagil Akureyri

Ljáðu mér eyra eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur og Valdísi B. Guðjónsdóttur

Lubbi finnur málbein eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur

Orðaspjall eftir Árdísi Hrönn Jónsdóttur

Heimildir:

Catherine E. Snow. [án árs]. *Language Development is Related to Literacy*. Harvard Graduate School of Education. Cambridge.

Catherine Snow og Patton Tabors. [án árs]. *Intergenerational Transfer of Literacy*. Harvard School of Education. Cambridge.

Judith Rivelland. 2000. Linking literacy learning across different context. *Literacy Learning in the early years*. (Ritstj. Caroline Barratt-Pugh og Mary Rohl). Buckingham. Open University Press.